

Fréttabréf til forráðamanna í Glerárskóla

Glerárskóli Akureyri - 4.tbl. 11. árg

Janúar og febrúar 2022



Góðan dag kæru forráðamenn og gleðilegt nýtt ár

Nú hefur árið 2022 hafið innreið sína þrátt fyrir einkennilegt ástand í samfélaginu. Skólastarf fór af stað samkvæmt venju þann 4. janúar s.l. og þó ýmislegt sé öðruvísi en vanalega er starfið í skólanum nokkurn veginn á réttu róli. Nýkynntar sóttvarnareglur hafa ekki áhrif á skólastarfið svo við höldum okkar striki.

Glerárskóli hefur staðið vaktina af festu og öryggi. Fylgt reglum eins og best verður á kosið og farið að fyrirmælum er varða sóttvarnir.

Við höfum öll þurft að standa saman og með því höfum við náð að lágmarka truflun á skólastarfinu.

Faglegi þátturinn er okkur mikilvægur því við viljum efla nemendur okkar bæði sem námsmenn en ekki síður sem sterka einstaklinga sem hafa getu og þor til að standast þær öldur sem verða á vegi þeirra á lífsleiðinni.

Við höldum því ótrauð áfram í þeirri vissu að með góðri samvinnu heimilis og skóla náum við að gera Glerárskóla betri dag frá degi og nemendur okkar fróðari og viðsýnni.

Að venju bendum við öllum á að lesa fréttabréfið vel og fylgjast með tölvupóstum og heimasíðu/fésbókarsíðu skólans þar sem upplýsingar birtast reglulega.

Kveðjur frá stjórnendum Glerárskóla,
Eyrúnu, Helgu og Tómasi

Faglegt starf í Glerárskóla

Þrátt fyrir einkennilegt ástand í samfélaginu okkar er faglegt starf í Glerárskóla í miklum blóma. Kennarar eru duglegir að efla andann og vinna með nemendum á margvíslegan hátt til að auka gæði náms. Þróunarverkefnið, Strákar, lesum saman, er læsisverkefni sem skólinn í samvinnu við Naustaskóla og MSHA tekur þátt í en það verkefni snýst um að efla lestur allra nemenda með því að virkja áhugasvið þeirra.

Verkefnið hófst í haust og verður í gangi út skólaárið það minnsta.

Margir af kennurunum okkar eru einnig að taka þátt í Menntafléttunni í samstarfi við HA og HÍ en þau verkefni eru af margskonar toga og snerta bæði læsi og náttúrufræði svo eitthvað sé nefnt.

Zankow stærðfræði (samræðustærðfræði) er hluti af starfi fyrstu bekkjanna í skólanum og kennarar vinna hörðum höndum að því að efla leikni og kunnáttu nemenda á nýstárlegan hátt.

Erasmus+ verkefni skólans eru nokkur en það helsta „Be a Shield Around the World“ snýst um umhverfismál sem eru okkur hugleikin, bæði vegna Grænfánastefnu skólans og



vegna þess hversu mikilvæg þau málefni eru komandi kynslóðum. Þessi upptalning er aðeins lítið brot af því starfi sem fram fer í skólanum enda myndi það æra óstöðugan að telja upp allt það faglega sem þar er í gangi. Þó má í lokin minnst á að skólinn er nú að innleiða og vinna við nýja Menntastefnu Akureyrarbæjar og mun verða að því næstu árin ásamt innleiðingu á nýjum leiðum við innra mat.

Framkvæmdir í Glerárskóla


Vorið 2022 verður haldið áfram með endurbyggingu Glerárskóla. Á komandi skólaári 2022 - 2023 verður A-álma skólans endurgerð ásamt umhverfi hennar. Þetta þýðir að sjálfsögðu röskun á skólastarfinu hjá okkur en þessa dagana er verið að hanna álmuna ásamt því að vinna að skipulagi fyrir skólastarfið á komandi skólaári. Vinna þessi er unnin í samráði við Umhverfis- og mannvirkjasvið Akureyrarbæjar, Fræðsu- og lýðheilsusvið Akureyrarbæjar ásamt starfsfólki Glerárskóla. Um leið og skipulag verður ljóst munum við færa ykkur fréttir varðandi það.



*„Stundin er alltaf rétt til að gera hið rétta“
Höf. Martin Luther King Jr.*

Helstu atburðir í janúar, febrúar og mars 2022

Janúar 2022	
24. janúar 2022	Skipulagsdagur - nemendur í fríi - Frístund opin frá 8:00 - 16:15
25. - 26. janúar 2022	Viðtalsdagar - nemendur og forráðamenn mæta til umsjónarkennara. Frístund opin frá kl. 8:00 - 16:15
Febrúar 2022	
10. febrúar	Könnunin „Ungt fólk 2022“ lögð fyrir á unglingastigi.
15.-16. febrúar	Þemadagar - Erasmus+ Be a Shield Around the World - Umhverfisverkefni - Skóli til 13:15
Mars 2022	
2. - 4. mars	Vetrarfrí - nemendur í fríi - Frístund opin frá 13:00-16:15
8. - 10. mars	Samræmd próf í 9. bekk
Mars	Í mars verður PISA könnunin lögð fyrir í 10. bekk.



Viðtalsdagar þriðjudaginn 25. og miðvikudaginn 26. janúar 2022

Mánudaginn 24. janúar n.k. er skipulagsdagur í Glerárskóla. Þann dag eru nemendur í fríi. Þriðjudaginn 25. og miðvikudaginn 26. janúar eru viðtalsdagar í skólanum og þá funda forráðamenn og nemendur með umsjónarkennurum.

Miðvikudaginn 12. janúar 2022 hófst skráning á viðtalsdagana fyrir alla og stendur hún til 18. janúar 2022.

Boðið verður upp á viðtöl við umsjónarkennara í skóla eða með fjarfundi og mæta nemendur með forráðamönnum í viðtölin hvort sem um er að ræða fund í skóla eða fjarfund. Viðtölin standa í um 20 mínútur en ef forráðamenn hafa sérstakar óskir, eru þeir beðnir að senda umsjónarkennurum tölvupóst þess efnis.



Þeir sem óska eftir að koma í skólann hafa verið beðnir að skrá sig frekar þriðjudaginn 25. janúar en þeir sem óska eftir rafrænum samtölum voru beðnir að skrá sig frekar miðvikudaginn 26. janúar.

Ætlast er til að a.m.k. einn forráðamaður mæti með nemanda í skólann eða á fjarfund á viðtalsdögunum til að ræða við umsjónarkennara um nám, líðan og starf nemanda í skólanum.

Við komu í skólann verða forráðamenn og börn að spritta hendur og forráðamenn þurfa að vera með grímur. Einnig biðjum við alla fulloröna að virða 2 metra fjarlægðarmörkin sem eru í gildi í samfélaginu.

Í ljósi aðstæðna er ekki boðið upp á neinar veitingar þennan dag og óskum við eftir að forráðamenn og nemendur sem mæta í skólann fari beint í viðtal og síðan beint aftur út úr skólahúsnæðinu þegar því er lokið.

Allar nánari upplýsingar má fá hjá umsjónarkennurum, ritara eða stjórnendum og fyrir þá sem ekki eru búnir að panta viðtal að þá eru þau pöntuð á www.infomentor.is

Hér fyrir neðan er linkur á youtube vídeó um hvernig þetta er gert:
<https://www.youtube.com/watch?v=mEFYnJhJAsM>

„ Tækifæri griptu greitt,
giftu mun það skapa,
járnið skaltu hamra heitt,
að hika er sama og tapa ”
Höf. Steingrímur Thorsteinsson

Sóttvarnir í grunnskólanum

Við höldum áfram að sinna sóttvörnum og því gott að endurtaka eftirfarandi í umræðu við börnin.

1. **Spritta þarf hendur við komu í skólann og alltaf þegar farið er í matsal**



„Fegursta stund ævinnar lifir eins lengi og við sjálf, þó hún hafi ekki verið nema eitt augnablik”

Unnur Benediktsdóttir Bjarklind (Hulda)

Bílastæði - Sleppisvæði við Glerárskóla

Við beinum þeim tilmælum til forráðamanna að aka ekki bílum heim að skólanum heldur nýta sleppisvæðið sem er við Höfðahlíðina. Best af öllu er að nemendur gangi í skólann en í brýnni nauðsyn er gott að nota sleppisvæðið. Ekki er ætlast til að bílum sé ekið að skólanum, því þar eru ekki bílastæði nema fyrir fatlaða eða neyðarástand. Einnig skal athuga vel að bílum sé ekki ekið inn á gangstíga og skólalóð við A-álmu og leikskólann Árholt.

Borið hefur á því undanfarið að bílar hafa ekið göngustíginn við Árholt og hafa ekið þar alveg inn á skólalóð og að skólanum. Þetta skapar mikla hættu fyrir nemendur sem eru þarna á leið í og úr skóla eða að leik í frímínútum og frístund.

Vinsamlega nýtið bílastæðin við Höfðahlíð eða ofan við leikskólann Klappir.



Fiðringur

Glerárskóli verður þátttakandi í Fiðringi sem er sjálfsprottið tilraunaverkefni sem byrjar í skólunum á Akureyri og nágrenni. Fyrirmyndirnar eru Skrekkur í Reykjavík og Skjálftinn á Suðurlandi og gaman verður að sjá kröftuga krakka taka þátt í þessu verkefni sem mun enda með keppni í menningarhúsinu Hofi í maí 2022. Nú þegar hefur Fiðringur verið kynntur fyrir kennurum og nemendum á unglingastigi og margir hafa sýnt áhuga.

Leiðbeinandi í Glerárskóla verður Karen Jóhannesdóttir kennari



Facebook síða Fiðrings: <https://www.facebook.com/fidringur.nordurlandi>

Instagramsíða Fiðrings: <https://www.instagram.com/fidringur.nordurlandi/>

Glerárvision 2021-2022

Glerárvision er ein af hefðum skólans sem er afar mikilvæg og góð. Á síðasta skólaári urðum við að hafa keppnina á rafrænu formi sem gekk ágætlega þó hún kæmist ekki í hálfkvist við að hafa hana á eðlilegu formi.



Þetta skólaárið erum við enn í þeim aðstæðum að geta ekki haldið keppnina eins og eðlilegt gæti talist og hefur því sú ákvörðun verið tekin í samráði við nemendur og kennara að fella Glerárvision niður skólaárið 2021-2022.

Við setjum því undirbúning fyrir árshátíð skólans og Fiðring í fimmta gír og hlökkum til Glerárvision á næsta skólaári .

Glerárskóli, v/Höfðahlíð

603 Akureyri

Skrifstofa skólans er opin alla virka daga frá kl. 07:45 - 15:00 en
í fríum nemenda er hún opin frá kl. 10:00 - 12:00.

Sími skólans:: 461-2666

Netfang skólan: glerskoli@akureyri.is

Heimasíða skólans: glerskoli.is

Facebook síða: Glerárskóli

HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI

